



Landssamband vörubifreiðastjóra

Alþingi
Erindi nr. P 130/1871
komudagur 16. 4. 2004

Reykjavík 14. apríl 2004

Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um olíugjald og kílómetragjald.

Landssamband vörubifreiðastjóra hefur gegnum tíðina verið fylgjandi því að olíugjal verði tekið upp í stað kílómetragjalds og notað verði eitt innheimtukerfi fyrir allar gerðir bifreiða hvort sem þær séu búnar bensín eða dieselhreyfli. Sambandið telur að ríkið eigi ekki að stýra því hvaða eldsneyti sé notað á ökutæki.

Á fundi stjórnar LV með formönnum deilda sambandsins sem haldin var 7. apríl síðastliðin var farið yfir frumvarpið og eftirfarandi umsögn samþykkt.

Sambandið telur tilgang frumvarpsins brostinn þar sem áfram sé verið með tvöfalt innheimtukerfi þungaskatts, einnig telur sambandið ljóst að þetta frumvarp sem nú liggur fyrir muni mismuna aðilum innan sömu starfsgreinar og komi til með að skekkja samkeppnisstöðu hennar. Fundurinn getur því ekki fallist á frumvarpið eins og það er lagt fyrir og ljóst er að stór hópur innan LV mun leita réttar síns til þeirra stofnana sem fara með samkeppnismál og brot á jafnræðisreglu.

Landssamband vörubifreiðastjóra leggst því eindregið gegn frumvarpi til laga um olíugjald og kílómetragjald, eins og það er lagt fyrir núna.

F.h Landssambands vörubifreiðastjóra

Knútur Halldórsson
framkvæmdastjóri